



## Félag löggiltra endurskoðenda

### Námskeið 17. september 2020 Vinna endurskoðenda á óvissutímum

<b>Ætlað:</b>	Félagsmönnum og starfsmönnum endurskoðunarfyrirtækja
<b>Leiðbeinendur:</b>	Ingrid Kuhlman hjá Þekkingarmiðlun
<b>Staður:</b>	Grand Hótel Reykjavík og efni verður aðgengilegt rafrænt og tímabundið að námskeiði loknu
<b>Tími:</b>	Fimmtudaginn 17. september 2020 kl. 13:00 – 16:00
<b>Einingar:</b>	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum siðareglur og fagleg gildi
<b>Verð:</b>	Kr. 21.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 32.000 fyrir aðra
<b>Skráning:</b>	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 - 16. september

#### Námskeiðslýsing:

Þetta ár hefur litast af óvissutímum og hafa endurskoðendur ekki farið varhluta af því. Á þessu námskeiði er ætlunin að skoða hvaða áhrif það hefur á endurskoðendur og samstarfsfólk að vinna við svona kringumstæður. Horft verður á málið m.a. út frá siðfræðilegu sjónarhorni og ætlar Ingrid að fara yfir einkenni óvissutíma, áhrif og helstu spurningar sem vakna:

- Breytt vinnuumhverfi - að vinna heima eða vinna í afmörkuðum hölfum
- Greining, smit, sóttkví og að missa úr vinnu – áhrif þess
- Samskiptabann og rafræn samskipti við viðskiptavini og samstarfsmenn
- Hver eru einkenni streitu og ýmis konar sálræn eða geðræn merki
- Eftirstöðvar svona ástands til lengri tíma og úrvinnsla

#### Leiðbeinandi:

**Ingrid Kuhlman** sérfræðingur hjá Þekkingarstjórnun



Ingrid Kuhlman er þjálfari og ráðgjafi og jafnframt framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar. Hún er með MSc í hagnýtri jákvæðri sálfræði (MAPP) frá Bucks New University 2018. Frá 1994-1999 starfaði hún við kennslu í eigin skóla í Hollandi. Ingrid hefur skrifað ótal greinar í erlend og íslensk tímarit, m.a. um sjálfstraust, samskipti, tímastjórnun, jákvæða sálfræði, markmiðasetningu, seiglu, hamingju og streitu.